

Nr. 005 / 12 Bjartmar II***Sekkur í Kópavogshöfn***

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður: Hafnarfirði plast
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: m Skráð lengd: m
Breidd: m Dýpt: m
Vél:
Fjöldi skipverja:



Bjartmar II © Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Bjartmar II hafði legið um tíma við bryggju í Kópavogshöfn og veður hafði verið umhleypingasamt.

Aðfararnótt 15. janúar 2012 veitti vegfarandi því athygli að báturinn var sokkinn að aftan og flaut eingöngu á loftrými fram í bátinum.

Félagar úr Hjálparsveit skáta í Kópavogi komu á staðinn og náðu að fleyta honum svo hægt var að dæla austrinum út. Bjartmar II var þá færður að upptökubraut og komið í vagn og dreginn á land.



Myndin sýnir Bjartmar II í hálfu kafi við bryggjuna. mbl.is/Hlynur St.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á búnaði bátsins sást að vír frá rafgeymi hafði farið í sundur svo dælan sem var tengd í gegnum flotrofa fór ekki í gang;
- að flotkassarnir á skutgaflinum voru lokaðir að ofan með álplötu sem var skrúfuð á þil kassana án viðunandi þéttinga. Við skoðun á skutgafli kom í ljós að 12 mm göt voru á gaflinum inn í flotkassana eins og til að hleypa

austri úr kössunum. Þetta tvennt varð til þess að eiginlegt fríborð á skut bátsins var ekki nema 20 sm;

- að fjögur spons, öll í sömu hæð um 30 sm ofan við sjólinu, eru á gaflinum þar af var eitt opið inn í bátinn;
- að vegfarandinn sem tilkynnti um málið sagði að báturinn hafi verið sokkinn að aftan þegar hann kom að um nóttina en á meðan hann beið eftir lögreglu seig báturinn nokkuð neðar. Hann sagðist einnig hafa átt leið um hafnarsvæðið kvöldið áður þegar hann kom af sjó og ekkert séð athugavert við bátinn en hann hafi ekki sérstaklega skoðað hann fremur en aðra bát við bryggjuna;
- að maður sem eignaðist bátinn eftir óhappið sagðist ætla að loka flotkössunum tryggilega og setja spons með þéttum tappa (neglu) í skutgaflinn inn í flotkassann.

Nefndarálit:

Orsök þess að að báturinn sökk var að rafmagnstenging að sjálfvirkri dæla rofnaði svo regn og leysingavatn safnaðist fyrir í honum þar til sjór flæddi inn.

Nefndin bendir á alvarleika þess að rjúfa vatnsheld skilrúm hvað þá að gata súð því flotkassar eru ekki súð bátsins heldur fremur til að auka flotmagn bátsins við ákveðin skilyrði.